



Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

Reykjavík, 17. mars 2026
Breytt 23. mars 2026
MSS26030041

Beiðni borgarfulltrúanna Kjartans Magnússonar og Mörtu Guðjónsdóttur um áheyrnarfulltrúa í borgarráði.

Borgarráði hefur borist erindi borgarfulltrúanna Kjartans Magnússonar og Mörtu Guðjónsdóttur dags. 9. mars sl. þar sem óskað er eftir því að þau fái að tilnefna áheyrnarfulltrúa í borgarráð. Borgarfulltrúarnir hafa tilkynnt forsætisnefnd að þau hafi sagt skilið við borgarstjórnarflokk Sjálfstæðisflokksins og hyggist starfa saman ásamt varaborgarfulltrúanum Helga Áss Grétarssyni sbr. 2. liður fundargerðar forsætisnefndar dags. 13. mars sl.

Umsögn:

Fjallað er um áheyrnarfulltrúa í 50. gr. sveitarstjórnarlaga en þar kemur fram að þegar sveitarstjórn hefur verið kjörin bundinni hlutfallskosningu og einhver framboðsaðili sem fulltrúa á í sveitarstjórn nær ekki kjöri í byggðarráð er fulltrúum þessa aðila heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þátttöku í fundum nefndarinnar. Hið sama á við um fastanefndir sem falið hefur verið fullnaðarákvörðunarvald í málum. Sveitarstjórn er enn fremur heimilt að ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að sama regla gildi um aðrar fastanefndir.

Í 45. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar kemur sömuleiðis fram að framboðsaðila sem fulltrúa á í borgarstjórn en nær ekki kjöri í borgarráð er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þátttöku á fundum borgarráðs með málfrelsi og tillögurétt. Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi í borgarráði skulu vera aðalmenn í borgarstjórn. Í 50. gr. samþykktarinnar kemur einnig fram að þegar framboðslisti sem fær kjörinn fulltrúa í borgarstjórn á ekki fulltrúa í forsætisnefnd skal hann tilnefna borgarfulltrúa úr sínum röðum sem áheyrnarfulltrúa í forsætisnefnd með málfrelsi og tillögurétt. Að lokum kemur fram í viðauka 1.1. við samþykktina hvaða fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráð fer með án staðfestingar borgarráðs.

Í greinargerð með sveitarstjórnarlögum kemur fram um áður nefnda 50. gr. laganna að umræddur réttur til að tilnefna áheyrnarfulltrúa skv. greininni er þeirra framboða sem buðu fram í sveitarstjórn og skal þá miða við þá lista sem voru í kjöri til sveitarstjórnar. Hér er því ekki um að ræða rétt einstakra sveitarstjórnarmanna, t.d. ef þeir síðar á kjörtímabili segja sig úr þeim stjórn málaflökki sem þeir tilheyrðu þegar kosning í sveitarstjórn fór fram. Í greinargerðinni kemur þó einnig fram að almennt er heimilt að ákveða ríkari rétt fulltrúa í sveitarstjórn til að tilnefna áheyrnarfulltrúa, t.d. í nefndum sem ekki hafa fengið framselt fullnaðarákvörðunarvald í málum.

Einnig skal bent á að sérhverjum borgarfulltrúa er tryggður aðgangur að fundargögnum forsætisnefndar og fagraða sem borgarstjórn kýs samkvæmt ákvæðum b-liðar 63. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.



Með vísan til ofangreinds er það niðurstaðan að borgarráði er ekki skylt samkvæmt gildandi lögum að verða við beiðni borgarfulltrúanna um að fá að tilnefna áheyrnarfulltrúa í borgarráði, en því er það heimilt.

Virðingarfyllst,
Helga Björk Laxdal
Skrifstofustjóri borgarstjórnar